



STJÓRN SSH 452. fundur

Mánudaginn 8. janúar 2018, kl. 12:15, kom stjórn SSH saman til fundar á skrifstofu samtakanna, Hamraborg 9, Kópavogi.

Fundinn sátu: Ármann Kr. Ólafsson, Dagur B. Eggertsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Haraldur Línal Haraldsson, Gunnar Einarsson og Haraldur Sverrisson.

Fjarverandi: Guðný Ívarsdóttir.

Páll Guðjónsson, framkvæmdastjóri SSH sat einnig fundinn og ritaði fundargerð.

Stjórnarformaður SSH Ármann Kr. Ólafsson setti fund og stýrði.

Þetta gerðist:

1. Almenningsamgöngur á höfuðborgarsvæðinu

a) Ferðavenjukönnun 2017 /málsnr. 1601001

Fundinn sátu undir þessum dagskrárlið Matthías Þorvaldsson frá Gallup, Hrafnkell Á. Proppé, svæðisskipulagsstjóri, Hreinn Haraldsson, vegamálastjóri, Þorsteinn Hermannsson, samgöngustjóri Reykjavíkurborgar og Jóhannes Svavar Rúnarsson, framkvæmdastjóri Strætó bs.

Matthías Þorvaldsson gerði grein fyrir helstu niðurstöðum nýrrar ferðavenjukönnunar meðal íbúa höfuðborgarsvæðisins, en slík könnun hefur verið unnin á 3 ára fresti. Könnunin var unnin að beiðni og kostuð af Vegagerðarinni og SSH, og verður m.a. notuð við framvindu- og árangursmat vegna samnings SSH og Vegagerðarinnar um 10 ára tilraunaverkefni til eflingar almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu.

Umræður

Niðurstaða:

Niðurstöður könnunarinnar, ásamt samantekt um helstu atriði og ályktanir sem draga má af henni verða send aðildarsveitarfélögunum til upplýsinga og kynningar.

b) Borgarlína /málsnr. 1702003

Lagt fram erindi Þórarins Hjaltasonar og Trausta Valssonar dags. 3. desember 2017 sem þeir sendu borgarstjóra og bæjarstjórum aðildastveitarfélaganna með ábendingum, athugasemdum og viðhorfum varðandi fyriráætlanir sveitarfélaganna um Borgarlínuna.

Umræður

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsstjóra falið að taka saman greinargerð fyrir stjórn um þau efnisatriði sem fjallað er um í erindinu.



2. Uppgjör sveitarfélaganna við Lífeyrissjóðinn Brú vegna skuldbindinga A hluta lífeyrissjóða starfsmanna sveitarfélaga /málsnr. 1801001

Fundinn sátu undir þessum dagskrárlið Birgir Björn Sigurjónsson, fjármálastjóri Reykjavíkurborgar og Jóhannes Svavar Rúnarsson, framkvæmdastjóri Strætó bs.

Rætt var um framkomna reikninga lífeyrissjóðsins vegna uppgjors á framlagi sveitarfélaganna og byggðasamlaganna í jafnvæggissjóð, lífeyrisaukasjóð og varúðarsjóðs vegna A hlutans. Birgir Björn Sigurjónsson gerði grein fyrir vinnu og aðferðarfræði fjármáladeildar Reykjavíkurborgar við afstemmingu og mat á réttmæti krafna sjóðsins á Reykjavíkurborg vegna uppgjorsins.

Niðurstaða:

SSH mun ekki koma með neinum beinum hætti að máli, en BBS sendir sveitarfélögunum til hægðarauka verklagslýsingu vegna vinnu borgarinnar sbr. framangreint.

3. Málefni SORPU bs. /málsnr. 1711001

- a) Staða í viðræðum, fulltrúi eigenda SORPU bs. og fulltrúa SOS, vegna mögulegrar staðsetningar á sameiginlegum urðunarstað og samstarfs við meðhöndlun og förgun úrgangs.

Farið yfir stöðu máls.

- b) Erindi stjórnar SORPU bs. frá 23. nóvember sl. til stjórnar SSH, eigendavettvangs SORPU bs. vegna viðræðna við Kölku (Sorpeyðingarstöð Suðurnesja sf.), um mögulega sameiningu við SORPU bs.

Umræður

Niðurstaða:

Málinu frestað til næsta stjórnarfundar.

4. Önnur mál

Ný persónuverndarlög og undirbúningur sveitarfélaganna vegna nauðsynlegra breytinga í kjölfar þeirra /málsnr. 1801002

Haraldur Sverrisson vakti máls á þörf á samstillingu sveitarfélaganna í þessari undirbúningsvinnu.

Samþykkt að fela framkvæmdastjóra, í samráði og samvinnu við borgarritara, að leggja drög að sameiginlegum fundi þeirra starfsmanna sveitarfélaganna sem bera ábyrgð á undirbúningi hjá hverju sveitarfélagi.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 14:10